

## Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um grasmjölsframleiðslu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mikið hefur verið framleitt af grasmjöli og graskögglum hér á landi árlega sl. þrjú ár og hver er birgðastaðan nú?
2. Hversu mikið hefur verið flutt inn og út af grasmjöli, hreinu og í fóðurlöndum, sl. þrjú ár?
3. Hver er samkeppnisstaða íslenskrar grasmjölsframleiðslu gagnvart innfluttu grasmjöli og fóðurlöndum sem innihalda grasmjöl og hver er samkeppnisstaða annarrar innlendra fóðurframleiðslu í samanburði við önnur lönd í Evrópu hvað beina eða óbeina framleiðslustyrki og tollvernd varðar?
4. Hefur farið fram úrelding á grasmjölsverksmiðjum á sl. þremur árum og sé svo, hvernig hefur hún farið fram?
5. Hve margar grasmjölsverksmiðjur eru nú starfandi hér á landi, hvar eru þær, hvert er eignarhald þeirra, hve mörg ársstörf eru unnin þar og hver er framtíðarstaða þeirra?

Skriflegt svar óskast.